



2012

Þjóðarspejillinn

Um rétt kröfuhafa til viðbótargreiðslu og þýðing fullnaðarkvittana

Valgerður Sólnes

Lagadeild
Ritstjóri
Hrefna Friðriksdóttir

Rannsóknir í félagsvísindum XIII. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2012

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Um rétt kröfuhafa til viðbótargreiðslu og þýðing fullnaðarkvittana

Hugleiðingar í tilefni dóms Hæstaréttar 15. febrúar 2012
í máli nr. 600/2011

Valgerður Sólnes

1. Inngangur

Í dómi Hæstaréttar 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011 komu við sögu tilteknar meginreglur á sviði kröfuréttar. Í málinu reyndi annars vegar á þá meginreglu að kröfuhafi, sem fengið hefur minna greitt en hann átti rétt til í lögskiptum aðila, eigi viðbótarkröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt er og hins vegar undantekningu frá þeirri reglu, þess efnis að fullnaðarkvittun kröfuhafa geti að vissum skilyrðum fullnægðum valdið því að hann glati frekari kröfu. Í kjölfar dómsins hefur mikil umræða orðið um efni hans og áðurgreinda meginreglu kröfuréttar í framkvæmd og áhrifa hans gætir víða á hagsmuni einstaklinga og lögaðila í samfélaginu. Þetta verður að telja harla óvenjulegt fyrir viðfangsefni á sviði kröfuréttar, enda eru það fremur önnur svið lögfræðinnar, á borð við stjórnskipunar- og refsirétt, sem rata í umræðu á almennum vettvangi.

Í greininni verður í *kafla 2* dregin upp mynd af tilvitnuðum reglum kröfuréttar og kenningum að baki þeim í norrænum rétti, einkum dönskum og íslenskum. Því næst verður í *kafla 3* vikið að forsendum dóms Hæstaréttar í áðurgreindu máli og horft til þess hvort og þá á hvaða veg þær falla að viðteknum kenningum fræðimanna, með það fyrir augum að skýra inntak reglnanna, samspil þeirra og beitingu í framkvæmd.

2. Kenningar fræðimanna

2.1 Meginreglan um rétt kröfuhafa til viðbótargreiðslu

Viðfangsefni fjármunaréttar eru fjárhagsleg eða efnahagsleg gæði af einkaréttarlegum toga. Það sem löngum hefur verið talið einkenna undirgreinar hans er sá eiginleiki áðurgreindra gæða að aðilaskipti geti orðið að þeim eða með öðrum orðum að þau séu framseljanleg.¹ Ein af undirgreinum fjármunaréttarins er réttarsvið kröfuréttar. Sú fræðigrein varðar réttarstöðu tveggja eða fleiri aðila í innbyrðis samskiptum þeirra í fjármunaréttarlegu skuldarsambandi eða kröfuréttarsambandi og í því samhengi þarf að huga að skyldu skuldara annars vegar og rétti kröfuhafa hins vegar, sem iðulega varða greiðslu og réttar efnir skuldar.²

Viðfangsefni hins almenna hluta kröfuréttar eru einkum af fernum toga og varða í *fyrsta lagi* réttar efnir kröfu, í *öðru lagi* vanefndir samninga og afleiðingar þeirra, í *þriðja*

¹ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson. (2009). *Kröfuréttur I: Efnir kröfu*. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex, bls. 21.

² Þorgeir Örlygsson o.fl., 2009, bls. 27.
Til hliðsjónar, Ármann Snævarr. (1989). *Almenn lögfræði: Sérprentaðir kaflar* (2003). Reykjavík: Háskólafrólitun, bls. 57.

lagi aðilaskipti að kröfuréttindum og í fjórða lagi lok kröfuréttinda. Í hinum sérstaka hluta kröfuréttar er sjónum á hinn bóginn beint að reglum sem hafa afmarkaðra gildissvið.³ Það fellur í hlut kröfuréttarinnar að fjalla um rétt kröfuhafa á hendur skuldara, allt frá því að slík krafa stofnast, hvort sem er á grundvelli loforðs eða vegna skaðabótaskyldrar háttsemi, þar til hún líður undir lok. Hið síðastgreinda kann að orsakast af margvíslegum ástæðum, en með hliðsjón af viðfangsefni greinarinnar er sjónum beint nánar að lokum kröfuréttinda fyrir þær sakir að krafa fellur niður við efndir hennar með greiðslu eða vegna eftirgjafar af hálfu kröfuhafa.⁴

Greiðsla skuldara þarf að vera í samræmi við efni kröfu hverju sinni, ella verður hann ekki laus mála sinna.⁵ Í þeim áskilnaði er meðal annars fólgin sú grundvallarregla kröfuréttar að kröfuhafi eigi rétt til fullra efnda kröfu sinnar, sem aftur má rekja til meginreglu samningaréttar um skuldbindingargildi samninga. *En til hverra ráða getur kröfuhafi gripið þegar skuldari efnir kröfu ekki að fullu?* Einn möguleiki kröfuhafa í slíkri aðstöðu er sá að grípa til vanefndaúrræða. Annar valkostur er eftirgjöf eftirstöðva kröfunnar. Að hvorugu þessara úrræða verður vikið nánar hér. Af áðurgreindri grundvallarreglu, um að kröfuhafi eigi rétt til fullra efnda kröfu sinnar, verður hins vegar ráðið að kröfuhafi eigi að meginstefnu rétt til viðbótargreiðslu (d. *efterbetaling*) úr hendi skuldara sem nemur eftirstöðvum kröfunnar og liggur það raunar í hlutarins eðli. Rétt er að taka til nánari athugunar inntak og skilyrði þessarar meginreglu.

Sú aðstaða getur komið upp að skuldari efni ekki að fullu skyldur sínar gagnvart kröfuhafa. Ástæður þess geta verið margvíslegar. Skuldari kann til að mynda að standa í þeirri trú að hann hafi innt af hendi fulla greiðslu, þótt raunin sé önnur. Hann kann að vera í villu um fjárhæð kröfu, og eins getur skuldari haft væntingar um að komast hjá frekari efnidum. Þá vaknar áðurgreind spurning um hvernig fer með eftirstöðvar kröfunnar.⁶

Kröfuhafi á að jafnaði viðbótarkröfu á hendur skuldara, er nemur því sem út af stendur, því að öðrum kosti hefur hinn síðarnefndi fjárhagslegan ábata á kostnað kröfuhafans. Á hinn bóginn getur þurft að leggja sérstakt mat á aðstæður þegar hagar svo til að skuldari stóð í þeirri trú að hann hefði greitt skuld sína að fullu.⁷

Norrænir fræðimenn hafa í skrifum sínum byggt á meginreglunni um rétt kröfuhafa til viðbótargreiðslu úr hendi skuldara, sem ekki efnir skuld sína að fullu, og haldið því fram að sérstakar aðstæður þurfi að vera til þess að hafna slíkri kröfu.⁸ Nefnd hafa verið til sögunnar þrjú skilyrði þess að hafnað verði rétti kröfuhafa til viðbótargreiðslu.

Í fyrsta lagi þarf skuldari að hafa verið í góðri trú er hann efndi skuld sína aðeins að hluta. Með því er átt við að skuldari hafi hvorki vitað né mátt vita að greiðsla hans var ófullnægjandi er hann innti hana af hendi.⁹

³ Þorgeir Örlygsson o.fl., 2009, bls. 33 og 37.

⁴ Benedikt Bogason (2011). *Efndir kröfjúr*. Tímarit lögfræðinga, 4. hefti 61. árg. 2011, bls. 417-419; Ólafur Lárusson (1948): *Kaflar úr kröfjúr*. Reykjavík: Hlaðbúð, bls. 11 og 62-66.

⁵ Benedikt Bogason, 2011, bls. 419-420.

⁶ Bo von Eyben, Peter Mortensen og Ivan Sørensen. (2005). *Lærebog i obligationsret II: Personskifte i skyldforhold, fordringers ophør, hæftelsesformer* (2. útg.). Kaupmannahöfn: Forlaget Thomsons, bls. 135; Bernhard Gomard. (2009). *Obligationsret: 3. Del* (2. útg. ásamt Torsten Iversen). Kaupmannahöfn: Jurist- og Økonomforbundets Forlag, bls. 186; Henry Ussing. (1967). *Obligationsretten: Almindelig del* (4. útg. ásamt A. Vinding Kruse). Kaupmannahöfn: Juristforbundets forlag, bls. 298.

⁷ Eyben, Mortensen og Sørensen, 2005, bls. 136. Hér vegast í meginatriðum á sömu sjónarmið og lítið verður til varðandir kröfu skuldara um endurgreiðslu ofgreidds fjár (d. *condictio indebiti* eða *tillbagesøgning*) þótt viðtekið sé að meira þurfi að koma til að vikið verði frá meginreglunni um viðbótarkröfu kröfuhafa heldur en endurgreiðslukröfu skuldara. Til hliðsjónar, Eyben o.fl., 2005, bls. 136 og 143-153; Sigríður Jósefsdóttir. (1988). *Endurgreiðsla ofgreidds fjár*. Úlfjótur, 2. hefti 41. árg. 1988, bls. 135-168.

⁸ Eyben o.fl., 2005, bls. 138; Gomard, 2009, bls. 186 og 187; Ussing, 1967, bls. 298.

⁹ Eyben o.fl., 2005, bls. 138; Ussing, 1961, bls. 298 og 373; Viggo Hagström. (2011). *Obligationsrett* (2. útg.). Oslo: Universitetsforlaget, bls. 214.

Í öðru lagi að villa skuldara verði einkum rakin til kröfuhafa, ýmist þannig að háttsemi skuldara sé afleiðing af mistökum kröfuhafa eða vafi leiki á af öðrum ástæðum um fjárhæð kröfu. Í öllu falli eru aðstæður þá með þeim hætti að nærtækara sé að kröfuhafi beri ábyrgð og áhættu þar af, enda er hann að jafnaði í betri aðstöðu til að ganga úr skugga um fjárhæð kröfunnar. Í kenningum fræðimanna hefur því enn fremur verið haldið fram í þessu samhengi að mæla megi gegn því að fallast á kröfu um viðbótargreiðslu þegar villa um fjárhæð kröfunnar stafar af rangri túlkun þeirra lagaákvæða er gilda um kröfuna, t.d. þegar viðtekinni beitingu lagareglu er hnekktt með dómi.¹⁰ Leiðrétting slíkrar rangrar túlkunar í framkvæmd verði hins vegar almennt einungis gerð til framtíðar (l. *ex nunc*), en ekki með afturvirkum hætti (l. *ex tunc*).¹¹

Í þriðja lagi að mistökin hafi ekki uppgötvast þegar í stað og þau þá þegar leiðrétt með viðbótarkröfu af hálfu kröfuhafa. Eftir því sem lengri tími líður frá efndum og þar til upp kemst að greiðsla hafi ekki verið fullnægjandi, aukast líkur þess að hafnað verði kröfu um fullar efndir og alltént verða í slíkum tilvikum gerðar ríkari kröfur til kröfuhafa hvað varðar eftirfarandi aðgerðir hans í tengslum við mistökin og leiðréttingu þeirra. Verulegt óhagræði getur enda hlotist af því fyrir skuldara að vera krafinn um viðbótargreiðslu þegar hann sjálfur hefur gengið út frá því að hann hafi efnt skyldu sína að fullu.¹²

Ef öllum framangreindum þremur skilyrðum er fullnægt þykir þannig koma til álita að hafna rétti kröfuhafa til viðbótargreiðslu úr hendi skuldara, en á endanum er það þó heildarmat á aðstæðum sem ræður niðurstöðunni í þeim efnum. Við það mat er unnt að líta til atriða á borð við það hvor aðila hafði forræði á útreikningi fjárhæðar kröfu, hví fjárhæðin var röng og hvort viðkomandi aðili hafi leitast við að leiðrétta mistökin innan hæfilegs tíma. Með því móti er unnt að komast að niðurstöðu um hvorum aðila skuldarsambands, kröfuhafa eða skuldara, standi nær að bera hallann af mistökunum.¹³

Samkvæmt því sem fyrr er rakið er ljóst að til þess getur komið að greiðsla skuldara, sem annmörkum er háð eða ófullnægjandi, kunni að verða til þess að krafa falli niður, enda leiði afstaða kröfuhafa til slíkrar niðurstöðu hvort heldur sem er fyrir samþykki hans eða tómlætis sakir.¹⁴ Frávik kunna því að vera gerð frá meginreglunni um rétt kröfuhafa til viðbótargreiðslu úr hendi skuldara, þegar hinn síðargreindi efnir skuld sína ekki að fullu. Sú undantekningarregla, sem helst þarf að líta til í þessu samhengi, varðar *fullnaðarkvittun kröfuhafa* (d. *saldokvittering*).

2.2 Undantekningarreglan um fullnaðarkvittun kröfuhafa

Áður er vikið að því óhagræði fyrir skuldara sem af því getur hlotist að vera krafinn um viðbótargreiðslu af hálfu kröfuhafa, þegar hinn fyrrgreindi hefur gengið út frá því um allnokkra hríð að hann hafi þegar greitt skuld sína. Meginreglan, um rétt kröfuhafa til viðbótargreiðslu, hvílir á grundvallarreglum fjármunaréttar um skuldbindingargildi samninga og að þá beri að efna til fulls, en viðskiptalífið sækir traust til þessara reglna. Á hinn bóginn er einnig unnt að halda því fram að meginreglan um rétt kröfuhafa til viðbótargreiðslu geti rýrt þetta traust, enda hafa samningsaðilar venjulega mikla hagsmuni af að fá fullvissu sína um að samningar þeirra hafi verið efndir og gildir þá einu hvort lítið er til hagsmuna kröfuhafa eða skuldara þar af.¹⁵ Meginreglan er

¹⁰ Eyben o.fl., 2005, bls. 139-140; Gomard, 2009, bls. 187-189; Ussing, 1963, bls. 373.

¹¹ Gomard, 2009, bls. 189; Hagström, 2011, bls. 215.

¹² Eyben o.fl., 2005, bls. 138-141; Gomard, 2009, bls. 186-187 og 188; Ussing, 1967, bls. 298; Hagström, 2011, bls. 214 og 215.

¹³ Eyben o.fl., 2005, bls. 136 og 142; Gomard, 2009, bls. 189-190; Hagström, 2011, bls. 214-215.

¹⁴ Benedikt Bogason, 2011, bls. 420.

¹⁵ Gomard, 2009, bls. 188; Páll Sigurðsson. (1987). *Samningaréttur*. Reykjavík: Bókautgáfa Orators, bls. 23-24; Ussing, 1967, bls. 298.

samkvæmt framangreindu ekki óundanþæg.¹⁶ Víkja má frá henni á grundvelli reglunnar um *réttarábrif fullnaðarkvittunar kröfuhafa*.¹⁷

Kvittun hefur verið skilgreind sem skrifleg viðurkenning á greiðslu skuldar eða fullnægju annarra skuldbindinga, sem geti eftir atvikum falið í sér eftirgjöf skuldar.¹⁸ Er þar átt við hefðbundna kvittun, sem á lagamáli hefur ýmist verið nefnd almenn eða einföld kvittun.¹⁹ Með fullnaðarkvittun kröfuhafa er á hinn bóginn átt við kvittun sem felur í sér staðfestingu þess efnis að krafa hafi verið að fullu efnu eða staðfestingu á eftirgjöf eftirstöðva hennar.²⁰ Eðli slíkrar kvittunar getur því verið í senn greiðsluviðurkenning eða skrifleg sönnun þess að skuldari hafi innt af hendi greiðslu sína gagnvart kröfuhafa með fullnægjandi hætti og að kröfuhafi eigi ekki frekari kröfu á hendur skuldara vegna viðkomandi viðskipta og yfirlýsing kröfuhafa um eftirgjöf skuldar.²¹ Sú háttsemi skuldara að inna af hendi greiðslu eða að efna skuld gegn útgáfu slíkrar fullnaðarkvittunar, getur haft þau réttaráhrif, að kröfuhafi geti ekki krafist skuldara um viðbótargreiðslu sem nemur því er vangreitt var. Við mat á því hvort kvittun hafi slík áhrif þarf að huga að fjórum atriðum:

Í *fyrsta lagi* getur skuldari að jafnaði gert það að skilyrði efnda af sinni hálfu að kröfuhafi staðfesti skriflega móttöku greiðslu. Þrátt fyrir þennan grundvallarrétt skuldara til sönnunar fyrir greiðslu sinni verður í því samhengi að hafa hugfast að skuldari getur ekki krafist þess að gefin sé út fullnaðarkvittun. Það eru fyrst og fremst aðstæður við útgáfu kvittunar sem valda því að unnt sé að líta svo á að í henni sé fólgin staðfesting þess að tiltekin viðskipti séu þar til lykta leidd og útistandandi skuld gefin eftir.²²

Í *öðru lagi* þarf að leggja mat á hvort kvittun sé almenn kvittun eða fullnaðarkvittun. Í sumum tilvikum er sérstaklega tiltekið í kvittun eða samningi milli aðila að um sé að ræða fullnaðarkvittun eða að uppgjör milli aðila sé endanlegt. Í öðrum tilvikum verður slíkt ráðið af samningssambandi aðila eða aðstæðum öllum.²³

Í *þriðja lagi* ber að líta til þess hvort skilyrðum 1. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1936 sé fullnægt, en þar er fjallað um rangar forsendur. Þar segir að löggerningur, sem vegna misritunar eða annarra mistaka af hálfu þess er gerði hann hefur orðið annars efnis en til var ætlast, sé ekki skuldbindandi fyrir þann sem gerði hann ef sá maður, sem löggerningnum var beint til, vissi eða mátti vita að mistök hefðu átt sér stað. Í þessu sambandi rís *annars vegar* sú spurning hvort um sé að ræða löggerning í merkingu laga nr. 7/1936, sbr. einkum 40. gr. þeirra, sem vegna misritunar eða annarra mistaka af hálfu þess er hann gerði, kröfuhafa, hefur orðið annars efnis en til var ætlast. *Hins vegar* sú spurning hvort sá maður, sem löggerningnum var beint til, skuldari, vissi eða mátti vita að mistök hefðu átt sér stað. Lítið hefur verið svo á af hálfu fræðimanna að

¹⁶ Eyben, 2005, bls. 138; Gomard, 2009, bls. 187.

¹⁷ Eyben, 2005, bls. 140.

¹⁸ Björn Þ. Guðmundsson. (1973). *Lögbókin þín*. Reykjavík: Bókautgáfan Örn og Örlygur, bls. 208; Einar Arnórsson. (1911). *Ný lögfræðisleg formálabók*. Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg, bls. 271; Jón Kristjánsson. (1913-1915). *Íslensktur kröfufyrjetur: Sjerstaki parturinn*. Reykjavík, bls. 228-229; Páll Sigurðsson (ritstj.). (2008). *Lögfræðiorðabók: Með skýringum*. Reykjavík: Codex og Lagastofnun Háskóla Íslands, bls. 173; Viggo Hagström, 2011, bls. 214 og 795.

¹⁹ Í einfaldri kvittun felst t.d. að einn aðili skuldarsambands, kröfuhafi, lýsir einhliða yfir móttöku greiðslu annars aðila, skuldara. Með tvöfaldri kvittun felst á hinn bóginn að báðir áðurgreindir aðilar gefa sameiginlega út slíka kvittun, t.d. þegar um gagnkvæmt skuldarsamband er að ræða. Til hliðsjónar, Einar Arnórsson, 1911, bls. 271-272.

²⁰ Benedikt Bogason, 2011, bls. 425; Páll Sigurðsson, 2008, bls. 153.

²¹ Benedikt Bogason, 2011, bls. 424; Gomard, 2009, bls. 197; Jón Kristjánsson, 1913-1915, bls. 228-229; Páll Sigurðsson, 1992, bls. 139-140; Ussing, 1911, bls. 364.

²² Benedikt Bogason, 2011, bls. 424-426; Jón Kristjánsson, 1913-1915, bls. 229; Páll Sigurðsson, 1992, bls. 140; Ussing, 1911, bls. 308 og 364-365; Hagström, 2011, bls. 215 og 795.

²³ Eyben, 2005, bls. 155-156; Benedikt Bogason, 2011, bls. 425; til hliðsjónar, Páll Sigurðsson, 1992, bls. 140.

kvittun geti ekki talist hafa að geyma fullnaðarkvittun, ef áðurgreind skilyrði eru ekki fyrir hendi.²⁴

Í fjórða lagi geta aðstæður verið með því móti að litið verði fram hjá því að um fullnaðarkvittun sé að ræða. Ef nýjar upplýsingar koma fram, eftir að greiðsla var innt af hendi gegn útgáfu fullnaðarkvittunar, sem leiða í ljós að krafan er meiri að umfangi en ætlað var, getur slíkt leitt til þess að fullnaðarkvittun verði ekki talin binda hendur kröfuhafa. Niðurstaðan í þeim efnum veltur hins vegar einkum á eðli þeirra kröfu sem um ræðir. Þannig kæmi síður til greina að halda til streitu sjónarmiðum um fullnaðarkvittanir þegar um ræðir skaðabótakröfur, t.d. skaðabótakröfur einstaklinga vegna líkamstjóns, en þeir hafa sem slíkir sérlega ríka hagsmuni af því að fá tjón sitt að fullu bætt, mun frekar en þegar um ræðir almennar peningakröfur og viðvarandi skuldarsamband.²⁵

3. Dómur Hæstaréttar 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011

3.1 Almenn

Á síðustu árum hefur mikið verið rætt og ritað um lögmæti svonefndra gengislána. Hvað slík lán varðar hefur verið greint á milli annars vegar ólögmætra skuldbindinga samkvæmt lánsamningum í íslenskum krónum, sem bundnar eru við gengi erlendra gjaldmiðla, og hins vegar lögmætra lána í erlendum myntum. Eins hefur komið upp ágreiningur um hvaða vexti skuldbinding beri, ef niðurstaðan er sú að höfuðstóll hennar sé í íslenskum krónum og að óheimilt hafi verið að binda fjárhæð hans við gengi krónu gagnvart erlendum gjaldmiðlum.

Með dómum Hæstaréttar 16. júní 2010 í málum nr. 92/2010 og 153/2010 var skorið úr því hvort lántakar hefðu með lánsamningum um svonefnd bílalán tekið á sig skuldbindingar í erlendri mynt eða hvort lánin hefðu verið í íslenskum krónum og fjárhæðir þeirra bundnar við gengi þeirra erlendu gjaldmiðla sem tilgreindir voru í samningunum. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að um væri að ræða lán í íslenskum krónum og að tenging höfuðstóls skuldanna við gengi erlendra gjaldmiðla hefði verið ólögmæt þar sem hún stríddi gegn ófrávíkjanlegum ákvæðum 13. og 14. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Með dómi réttarins 16. september sama ár í máli nr. 471/2010 var skorið úr um hvernig færi um vexti að fenginni áðurgreindri niðurstöðu. Hæstiréttur taldi að greiða bæri vexti jafnháa þeim, sem Seðlabanki Íslands ákveður af nýjum óverðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001. Með dómum Hæstaréttar 14. febrúar 2011 í málum nr. 603/2011 og 604/2011 var skorið úr sams konar ágreiningi og áður er lýst að því er varðar skuldbindingar samkvæmt skuldabréfum með fasteignaveði, en niðurstaðan var á sama veg og í fyrrgreindum málum. Taldi Hæstiréttur að þar skipti mestu að lánsfjárhæðin

²⁴ Ása Ólafsdóttir. (2010). *Meginregla íslensk samningaréttar um rangar forsendur og endurreikningur ólögmætra gengislána*. Úlfjótur, 1. tbl. 65. árg., bls. 23; Gomard, 2009, bls. 197-198; Páll Hreinsson. (2004). *Viðskiptabréf*. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex, bls. 194; Páll Sigurðsson. (1992): *Kröfuréttur: Almennur bluti*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, bls. 140.

²⁵ Eyben, 2005, bls. 142 og 156; Gomard, 2009, bls. 198-199; Ussing, 1911, bls. 374; til hliðsjónar, Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex, bls. 696-698. Í dæmaskyni má nefna *Hrd. 2003, bls. 1107 (mál nr. 443/2002)* þar sem Hæstiréttur sló því föstu að tjónþoli ætti viðbótarkröfu á hendur ábyrgðartryggjanda, vegna uppgjors á skaðabótum fyrir líkamstjón, þrátt fyrir að fyrirvaralaust fullnaðaruppgjör hefði farið fram, enda hefðu aðilar reist það uppgjör á sömu forsendu sem reyndist röng. Rétturinn hefur engu að síður gert ríkar kröfur í þessu samhengi og lagt þær skyldur á herðar kröfuhafa að gera fyrirvara við útgáfu fullnaðarkvittunar auk þess sem sönnunarbyrði hvílir á honum fyrir því að ófyrirséðar breytingar hafi orðið á afleiðingum líkamstjóns til hækkunar frá því sem lagt var til grundvallar við fyrra uppgjör, sbr. t.d. *Hrd. 2001, bls. 1989 (mál nr. 1/2001)*, *Hrd. 2003, bls. 2610 (mál nr. 9/2003)*, *Hrd. 2005, bls. 743 (mál nr. 382/2004)*, *Hrd. 2006, bls. 4859 (mál nr. 234/2006)* og *Hrd. 2. febrúar 2012 í máli nr. 423/2011*.

væri ákveðin í íslenskum krónum og hana bæri að endurgreiða í sama gjaldmiðli. Fleiri dómur hafa gengið um sama efni, en þeir hafa ekki þýðingu fyrir umfjöllunarefni greinar þessarar.

Í áðurgreindum dómi Hæstaréttar frá 14. febrúar 2011 í máli nr. 604/2010 var nánar tiltekið skorið úr um ólögmati gengistryggingar láns, sem hjónin M og K tóku hjá fjármálafyrirtækinu F hf. Kröfugerð málsaðila laut hins vegar í engu að uppgjöri á vaxtaskuld M og K vegna liðins tíma og af þeim sökum höfðu þau á nýjan leik mál gegn fjármálafyrirtækinu, til að fá úr því álitaefni skorið. Í dómi Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011 laut deila þessara sömu aðila að því hvort fjármálafyrirtækið hefði að gengnum áðurgreindum dómi Hæstaréttar 14. febrúar 2011 átt fjárkröfu á hendur M og K samkvæmt lánessamningnum vegna liðins tíma og, ef fallist yrði á að svo væri, hvort F hf. hefði mátt nota kröfuna til skuldajafnaðar móti kröfu M og K um málskostnað, sem þeim var dæmdur.

Niðurstaða héraðsdóms var á þann veg að kröfuhafinn, F hf., ætti viðbótarkröfu á hendur skuldurunum, M og K, vegna vangreiddra afborgana sem þau hefðu innt af hendi í samræmi við fyrirmæli lánessamnings aðila. Vísaði héraðsdómur því á bug að fyrirvaralaus móttaka greiðslu fyrir hverri slíkri afborgun gæti talist fullnaðargreiðsla, enda hefðu útreikningar aðila verið reistir á forsendu um lögmati gengistryggingar, sem var röng frá upphafi. Skuldararnir kærðu úrskurðinn við svo búið til Hæstaréttar.

3.2 Niðurstaða Hæstaréttar

Í dómi Hæstaréttar var því slegið föstu að greiðslutilkynningar kröfuhafans, F hf., og fyrirvaralaus móttaka hans á greiðslum skuldaranna, M og K, í samræmi við þær tilkynningar hefðu jafngilt fullnaðarkvittunum. Meiri- og minnihluti réttarins voru sammála um að greiðslutilkynningar sem kröfuhafi sendi til skuldara og fyrirvaralaus móttaka greiðslu því til samræmis svaraði til fullnaðarkvittana vegna greiðslna skuldara á afborgunum og vöxtum á einstökum gjalddögum lánessamningsins.²⁶ Sú niðurstaða samræmist viðteknum kenningum fræðimanna, þar sem skuldari var í góðri trú um fullnaðargreiðslu hverju sinni, hinar röngu fjárhæðir var að rekja til þess að lagaákvæði voru túlkuð á rangan hátt, málsaðilar voru í hefðbundnu og viðvarandi skuldarsambandi og aðstæður allar með þeim hætti að óhætt var að draga þær ályktanir að greiðslur vegna einstakra gjalddaga væru endanlegar og fælu í sér fullnaðaruppgjör milli aðila.

Næst vísaði Hæstiréttur til þeirrar meginreglu kröfuréttar að kröfuhafi, sem fengið hefur minna greitt en hann átti rétt til í lögskiptum aðila, eigi viðbótarkröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt er. Jafnframt var getið undantekningar frá þeirri reglu, þess efnis að fullnaðarkvittun kröfuhafa geti að vissum skilyrðum fullnægðum valdið því að hann glati frekari kröfu.

Hæstiréttur rakti í framhaldinu þau atriði sem máli skipta við mat á því hvort skilyrði væru til að víkja frá meginreglunni um rétt kröfuhafa til viðbótargreiðslu í málinu. Í *fyrsta lagi* tóltók Hæstiréttur að skuldararnir hefðu verið í *góðri trú* um að skuldbindingar þær sem þau höfðu tekist á hendur gagnvart kröfuhafanum væru lögmatar og að greiðslur þeirra, til samræmis við fyrirmæli lánessamnings aðila, allt frá stofndegi kröfunnar þar til dómur Hæstaréttar 14. febrúar 2011 í máli nr. 604/2011 gekk, fælu í sér fullar og réttar efnidir gagnvart kröfuhafanum. Í því samhengi vísaði Hæstiréttur til þess að misskilningur málsaðila hefði verið byggður á röngum lagaskilningi, sem skorið var úr um með áðurgreindum dómi réttarins 14. febrúar 2011, og að ekki hefði verið við skuldarana að sakast vegna þessa. Í *öðru lagi* benti Hæstiréttur á að skuldbinding málsaðila samkvæmt lánessamningnum, sem um var þrætt, væri *til langs tíma* og þegar áðurgreindur dómur gekk hafi fimm ár verið liðin af

²⁶ Sú niðurstaða samræmist og þeirri er Ása Ólafsdóttir hefur komist að raun um, sbr. Ása Ólafsdóttir, 2010, bls. 23-24.

lánstímanum. Upplýst væri að skuldararnir hefðu staðið í skilum allan þann tíma og að viðbótarkrafa kröfuhafa, um vexti fyrir liðna tíð, væri umtalsverð þegar litið væri til lánsfjárhæðarinnar. Í þriðja lagi vísaði Hæstiréttur til yfirburðastöðu kröfuhafans sem fjármálafyrirtækis er starfaði á lánamarkaði og bauð lán með ólögmati gengistryggingu samkvæmt einhliða ákvörðudum og stöðluðum skilmálum. Að síðustu lagði Hæstiréttur heildarmat á atvik málsins og það sem á undan var rakið, og taldi það standa kröfuhafanum nær að bera þann vaxtamun sem hlaust af ólögmati gengistryggingu og féllst á með skuldurunum að hinn rangi lagaskilningur yrði í uppgjöri aðila einungis leiðréttur til framtíðar.

Í málinu leit meirihluti Hæstaréttar svo á að skuldararnir hefðu verið í góðri trú um lögmæti lánessamnings málsaðila og þeirra greiðslna sem þeir inntu af hendi á gildistíma samningsins, allt þar til dómur Hæstaréttar gekk í fyrra máli þeirra 14. febrúar 2011, og að þeir hefðu á einstökum gjalddögum talið sig efna samninginn að fullu með greiðslu afborgana og vaxta. Því næst benti Hæstiréttur á hve langur tími var liðinn af samningstímanum, fimm ár, er inntak og framkvæmd samningsins var fært í lögmætt horf til samræmis við ádurgreindan dóm Hæstaréttar. Að endingu lagði Hæstiréttur heildarmat á aðstæður, áréttaði að mistök við gerð og framkvæmd samningsins hefðu stafað af „röngum lagaskilningi“ og að skuldararnir hefðu sökum aðstöðu sinnar og andspænis kröfuhafanum, fjármálafyrirtæki, ekki haft forræði á samningsgerðinni. Meirihluti Hæstaréttar sló því þannig föstu að öll skilyrði stæðu til þess að víkja frá meginreglunni um rétt kröfuhafa til viðbótargreiðslu, áður en hann lagði heildarmat á aðstæður allar og komst að þeirri niðurstöðu að það stæði kröfuhafanum nær en skuldurunum að bera hallann af þeim afleiðingum sem urðu að tilhlutan hinnar ólögmatu gengistryggingar. Af forsendunum má glögggt ráða að niðurstaðan byggir á viðteknum kenningum fræðimanna, sem gerð var grein fyrir hér á undan.

3.3 Sératkvæði minnihluta Hæstaréttar

Í sératkvæði þriggja dómara Hæstaréttar var niðurstaðan á annan veg. Minnihlutinn tók reyndar undir með meirihluta réttarins að greiðslutilkynningar þær sem kröfuhafinn sendi skuldurunum um væntanlega gjalddaga lánsins með útreikningum um fjárhæð greiðslu hverju sinni og fyrirvaralaus móttaka greiðslu því til samræmis svaraði til fullnaðarkvittana um þær greiðslur sem gjaldféllu á einstökum gjalddögum. Ágreiningur var því ekki um það atriði. Minnihlutinn taldi á hinn bóginn að í málinu væru ekki fyrir hendi skilyrði þess að víkja frá meginreglunni um rétt kröfuhafa til viðbótargreiðslu og var niðurstaða hans því sú að kröfuhafinn ætti rétt til slíkrar kröfu er nam vangreiddum vöxtum af láninu vegna liðins tíma.

Af sératkvæði minnihluta Hæstaréttar má ráða að hann hafi ekki talið að fullnægt væri skilyrðum þess að víkja frá meginreglunni um rétt kröfuhafa til viðbótargreiðslu úr hendi skuldara. Af forsendum minnihluta Hæstaréttar má ráða að hann telur hvorki uppfyllt skilyrðið um að skuldari sé í góðri trú, en höfuðáhersla virðist lögð á það skilyrði af hálfu minnihlutans, né heldur að það stæði kröfuhafa nær að bera hallann af vaxtagreiðslum vegna liðins tíma.

Hvað hið fyrra atriði varðar, um grandsemi aðila, virðist minnihluti Hæstaréttar leggja til grundvallar að málsaðilar allir hafi, er skuldararnir greiddu af skuldbindingu sinni á einstökum gjalddögum hennar samkvæmt greiðslutilkynningum kröfuhafans, gengið út frá því að gengistrygging höfuðstóls skuldbindingarinnar væri lögmæt og að fjárhæð bæði afborgana og vaxta tæki mið af því. Þá vísar minnihlutinn til þess að Hæstiréttur hafi að frumkvæði skuldaranna tekið til umfjöllunar álitæfnið um gengistryggingu lánessamningsins og skorið úr um ólögmati hennar. Leggur minnihluti Hæstaréttar því til grundvallar að skuldurunum hafi ekki verið fært að byggja á ólögmati höfuðstóls og fjárhæða einstakra afborgana annars vegar, en að halda fast við fjárhæðir vaxta hins vegar, enda væri ákvörðun um síðargreint atriði reist á

forsendu um hið fyrrgreinda. Niðurstaða minnihluta Hæstaréttar virðist því reist á sjónarmiðum um forsendubrest.

4. Samantekt

Með dómi Hæstaréttar 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011 var skorið úr því hvort kröfuhafi ætti viðbótarkröfu á hendur skuldurum að fenginni niðurstöðu dóms réttarins 14. febrúar 2011 í máli nr. 604/2010, en í því máli var dæmt um ólögmati gengistryggingar skuldbindingar skuldara samkvæmt lánssamningi aðila vegna vangreiddra afborgana sem þau höfðu innt af hendi samkvæmt samningnum.

Hæstiréttur taldi að greiðslutilkynningar kröfuhafans og fyrirvaralaus móttaka hans á greiðslum skuldaranna jafngiltu fullnaðarkvittunum. Sú niðurstaða samræmist viðteknum kenningum fræðimanna sem áður er gerð grein fyrir og styðst við þau rök að skuldararnir voru í góðri trú um fullnaðargreiðslu hverju sinni, hinar röngu fjárhæðir var að rekja til þess að lagaákvæði voru túlkuð á rangan hátt, málsaðilar voru í viðvarandi skuldarsambandi og aðstæður allar með þeim hætti að óhætt var að draga þær ályktanir að greiðslur vegna einstakra gjalddaga væru endanlegar og fælu í sér fullnaðaruppgjör milli aðila. Rétturinn gerir öllum þessum atriðum greinargóð skil í forsendum sínum.

Aðferðarfræði meirihluta Hæstaréttar er á þann veg að rétturinn gerir í upphafi grein fyrir títtnefndri meginreglu um rétt kröfuhafa til viðbótargreiðslu, en lýsir við svo búið á skýran hátt þeim skilyrðum sem í reynd þarf að fullnægja svo unnt sé að víkja frá reglunni með hliðsjón af atvikum málsins. Ber þar hæst góð trú skuldara, sá langi tími er liðinn var af samnings sambandi aðila og sú staðreynd að málsatvik var að rekja til rangrar túlkunar lagaákvæða, en hið síðastgreinda mælir almennt gegn beitingu meginreglunnar, og stendur kröfuhafa nær að bera ábyrgð þar á. Með því móti slær meirihluti Hæstaréttar því föstu að í málinu standi skilyrði til þess að bregða frá reglunni. Að mati höfundar er það athygli vert hve gaumgæfilega forsendur meirihluta Hæstaréttar falla að þeim viðteknu kenningum fræðimanna sem raktar hafa verið í grein þessari og hve ítarlega þeim er gerð skil í forsendum dómsins. Telur höfundur það til eftirbreytni.

Heimildir

- Árman Snævarr. (1989). *Almenn lögfræði: Sérprentaðir kaflar* (2003). Reykjavík: Háskólafröðiritun.
- Ása Ólafsdóttir. (2010). *Meginregla íslensks samningaréttar um rangar forsendur og endurreikningur ólögmatra gengislána*. Úlfjótur 1. tbl. 65. árg. 2010, bls. 5-24.]
- Benedikt Bogason. (2011). *Efndir kröfur*. Tímarit lögfræðinga, 4. hefti 61. árg. 2011, bls. 417-435.
- Björn Þ. Guðmundsson. (1973). *Lögbókin þín*. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur.
- Bo von Eyben, Peter Mortensen og Ivan Sørensen. (2005). *Lærebog i obligationsret II: Personskifte i skyldforhold, fordringers ophør, hæftelsesformer* (2. útg.). Kaupmannahöfn: Forlaget Thomson.
- Einar Arnórsson. (1911). *Ný lögfræðisleg formálabók*. Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg.
- Bernhard Gomard. (2009). *Obligationsret: 3 Del.* (2. útg. ásamt Torsten Iversen). Kaupmannahöfn: Jurist- og Økonomiforbundets Forlag.
- Björn Þ. Guðmundsson. (1973). *Lögbókin þín*. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur.
- Einar Arnórsson. (1911). *Ný lögfræðisleg formálabók*. Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg.
- Jón Kristjánsson. (1913-1915). *Íslenzkjur kröfufurttur: Sjerstaki parturinn*. Reykjavík.
- Ólafur Lárusson. (1948). *Kaflar úr kröfufurtti*. Reykjavík: Hlaðbúð.
- Páll Hreinsson. (2004). *Viðskiptabréf*. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex.
- Páll Sigurðsson. (1992). *Kröfufurttur: Almennur hluti*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Páll Sigurðsson (ritstj.). (2008). *Lögfræðiorðabók: Með skýringum*. Reykjavík: Codex og Lagastofnun Háskóla Íslands.
- Páll Sigurðsson. (1987). *Samningaréttur*. Reykjavík: Bókaútgáfa Orators.
- Sigríður Jósefsdóttir. (1988). *Endurgreiðsla ofgreidds fjár*. Úlfjótur 2. tbl. 1998, bls. 135-167.
- Henry Ussing. (1967). *Obligationsretten: Almindelig Del* (4. útg. ásamt A. Vinding Kruse). Kaupmannahöfn: Juristforbundets forlag.
- Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex.
- Viggo Hagstrøm. (2011). *Obligasjonsrett* (2. útg.). Osló: Universitetsforlaget.
- Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson. (2009). *Kröfufurttur I: Efndir kröfur*. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex.

Dómar

- Hrd. 2001, bls. 1989 (mál nr. 1/2001)
- Hrd. 2003, bls. 1107 (mál nr. 443/2002)
- Hrd. 2003, bls. 2610 (mál nr. 9/2003)
- Hrd. 2005, bls. 743 (mál nr. 382/2004)
- Hrd. 2006, bls. 4859 (mál nr. 234/2006)
- Dómar Hæstaréttar frá 16. júní 2010 í málum nr. 93/2010 og 153/2010
- Dómur Hæstaréttar frá 16. september 2010 í máli nr. 471/2010
- Dómar Hæstaréttar frá 14. febrúar 2011 í málum nr. 603/2010 og 604/2011
- Dómur Hæstaréttar frá 2. febrúar 2012 í máli nr. 423/2011
- Dómur Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011